



Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 140/116
komudagur 14.11.2011

Reykjavík 14 nóvember 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skattaávilnanir í þágu tilgreindra félagasamtaka (skattfrádráttur vegna gjafa), 107. mál.

Blindrafélagið mælir eindregið með samþykkt þessarar tillögu. Það er staðreynd, sem bent hefur verið á, og haldið til haga af Almannaheill, samtökum þriðja geirans, að skattaumhverfi líknar og góðgerðarsamtaka, er mun óhagstæðara hér á landi en í mörgum nágrannalöndum okkar. Þar skiptir miklu mál sý skattlagning sem lögð er á gjafir til þessara samtaka. Varðandi frekari upplýsingar þar að lútandi vísast á Fræðasetur þriðja geirans við Háskóla Íslands.

Að skattleggja gjafir til þessara samtaka með sama hætti og gjafir til einstaklinga eða almennra lögaðila er ekki líklegt til að virka hvetjandi til að einstaklingar og/eða fyrirtæki láti fé af hendi rakna til þeirrar mikilvægu samfélagslegu verkefna sem þessi samtök sinna. Í því ljósi má fullyrða á meðan svo er þá verði samfélagið af tilteknum verðmætum sem að öðrum kosti hefðu runnið til þess.

Verði frumvarpið að lögum er mjög mikilvægt að gerð verði tilteknar lágmarks kröfur til starfsemi slíkra samtaka svo að þau fái skráð sem samtök sem njóta undanþágu frá slíkri skattlagningu.

Virðingarfyllst,

Kristinn Halldór Einarsson
formaður Blindrafélagsins, samtaka
blindra og sjónskertra á Íslandi.